

Samkomulag um beitingu greiðslujöfnunar fyrir verðtryggð bílalán og bílasamninga

einstaklinga og bílalán og bílasamninga einstaklinga í erlendri mynt

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, félags- og tryggingarmálaráðuneytið, Avant, Íslandsbanki, Lýsing, Sp-Fjármögnun og Tryggingamiðstöðin sem eru á bílalánamarkaði gera með sér svofellt samkomulag um samræmda beitingu greiðslujöfnunar verðtryggðra bílalána og bílasamninga einstaklinga og bílalána og bílasamninga einstaklinga í erlendri mynt.

I.

Samkvæmt samkomulagi þessu skulu veitendur verðtryggðra bílalána og bílasamninga og bílalána og bílasamninga í erlendri mynt tryggja einstaklingum er tóku bílalán eða bílasamning fyrir 1. október 2008 greiðslujöfnun lánsins með mörkum á hámarks lengingu láns miðað við núverandi lánstíma ef ætla má að úrræðið geti verið til þess fallið að leysa úr greiðsluferfiðleikum lántaka. Úrræðið verður í boði frá 1. nóvember 2009 til ársloka 2010 fyrir einstaklinga er tóku bílalán eða bílasamning fyrir 1. október 2008.

Samkomulagið nær aðeins til bílalána og bílasamninga sem veitt hafa verið einstaklingum vegna bifreiða hér á landi. Rekstrarleigusamningar og eignaleigusamningar eru því undanskildir þessu samkomulagi svo og lán eða samningar sem veittir hafa verið fyrirtækjum eða félögum.

Peir sem hafa tekið bílalán eða bílasamning geta sótt um greiðslujöfnun til lánveitanda sé lánið í skilum.

Með greiðslujöfnun er greiðslubyrði af láni eða samningi fest við greiðslumark og svo látin fylgja þróun tekna og atvinnustigs, þ.e.a.s að framreiknað greiðslumark er fundið út frá breytingu á greiðslujöfnunarvísitölu sem reiknuð er af Hagstofu Íslands í hverjum mánuði.

Ef greiðslur samkvæmt greiðslujöfnun nægja ekki til að greiða upp lánið (samninginn) áður en núverandi lánstíma (samningstíma) lýkur skal lántaki endurgreiða eftirstöðvar á sömu gjalddögum lánsins (samningsins) miðað við framreiknað greiðslumark. Ef eftirstöðvar eru enn á bílaláni þegar þrjú ár eru liðin umfram núverandi lánstíma býðst lántaka að létta veði af bifreiðinni og eignast hana með því að greiða lánið upp að fullu eða afsala sér bifreiðinni til lánveitanda án frekari kvaða. Ef eftirstöðvar eru á bílasamningi þegar þrjú ár eru liðin umfram núverandi samningstíma getur leigutaki farið fram á samningsslit með því að greiða eftirstöðvar að fullu eða skilað bifreiðinni til leigusala án frekari kvaða. Forsenda fyrir því að leigutaka standi til boða að afsala sér bifreið til lánveitanda eða skila henni til leigusala er þó að bifreiðin hafi verið færð til reglubundinnar skoðunar og staðist hana og sé í skilum með öll lögbundin gjöld er tilheyrta bifreiðinni.

Lántaki og leigutaki getur hvenær sem er sagt upp samningi um greiðslujöfnun. Skilyrði fyrir slíkri uppsögn er að lánið sé í fullum skilum. Samið skal um hvort skuld vegna mismunar á gjalddagafjárhæð og greiðslumarki greiðist á upphaflegum lánstíma eða hvort lánstíminn er lengdur.

Skilgreiningar:

Greiðslumark: Greiðslubyrði bílaláns eða bílasamnings, þ.e.a.s. afborgun af höfuðstól og vextir, sem fundin er út með því að skoða greiðslubyrði lántaka eins og hún var í maí 2008. Hafi lánið verið tekið eftir 31. maí 2008 miðast greiðslumarkið við fyrsta gjalddaga eftir lántöku.

Framreiknað greiðslumark: Greiðslumark margfaldað með breytingu á greiðslujöfnunarvísitölu frá gjalddaga í maí 2008 eða fyrsta gjalddaga eftir lántöku.

Greiðslujöfnunarvísitala: Sérstök vísitala sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir mánaðarlega á grundvelli laga nr. 63/1985 með síðari breytingum.

II.

Samningsaðilum er ljóst að í samkomulagi þessu felst samræming á viðskiptaskilmálum keppinauta sem farið getur gegn banni við samkeppnishamlandi samstarfi sbr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og munu óska

H.M.

ORH. AP

eftir undanþágu Samkeppniseftirlitsins skv. 15. gr. sömu laga. Samstarf samningsaðila einskorðast við ákvæði samkomulags þessa. Samkomulagið hindrar ekki að fjármálafyrirtæki geti veitt viðskiptavinum sínum frekari greiðsluferfiðleikaúrræði en samkomulag þetta mælir fyrir um eða keppi að öðru leyti á grundvelli viðskiptaskilmála.

Greiðslujöfnun samkvæmt samkomulagi þessu kemur, eftir atvikum, til viðbótar þeim greiðsluferfiðleikaúrræðum sem lántaki kann að eiga rétt á lögum samkvæmt.


III.


Samkomulagið er gert með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins, sbr. II kafla.

Reykjavík 31. október 2009

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið


Avant



Gylfi Magnússon, efnahags- og
viðskiptaráðherra


Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri

Félags- og tryggingarmálaráðuneytið


Lýsing



Árni Páll Árnason, félags- og
tryggingamálaráðherra


Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri


Tryggingamiðstöðin

SP fjármögnun


Oskar Baldvin Hauksson,
framkvæmdastjóri


Kjartan Georg Gunnarsson,
framkvæmdastjóri

Íslandsbanki


Birna Einarsdóttir, bankastjóri